

Stolt Sea Farm Iceland hf.
Vitabraut 7
233 Reykjanesbæ

Reykjavík, 5.5.2022
UST202004-186/F.T.
08.04

Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags 30. apríl 2020 þar sem stofnunin áformaði að áminna rekstraraðila vegna fráviks er fram kom í eftirliti stofnunarinnar hjá Stolt Sea Farm þann 4. desember 2019.

Frávikið var eftirfarandi:

- 1. Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 2000 tonn á ári af senegalflúru til manneldis og gildir leyfið til eldis á seiðum og áframeldis. Auk senegal flúru elur rekstraraðili styrju. **Umhverfisstofnun hefur átt í reglulegum samskiptum við rekstraraðila um mögulegar úrbætur síðan frávikkið var skráð. Skv. upphaflegri úrbótaáætlun rekstraraðila stóð til að fá starfsleyfi breytt til þess að fá heimild til þess að ala styrjur í stöðinni. Sú áætlun breyttist og stóð til að allar styrjur færu úr stöðinni í lok 2021. Sú áætlun stóðst ekki. Færsla fisksins hófst ekki fyrr en í apríl 2022 og barst stofnuninni staðfesting á því að henni væri lokið þann 27. apríl 2022. Úrbætur voru einnig staðfestar í eftirliti þann 3. maí sl.**

Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikinu lokið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 77.600 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius
lögfræðingur